

Flóahreppur
Þingborg
801 SELFOSS

Garðabær, 29. febrúar 2024
Málsnúmer: 202401-0073
BK

Efni: Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Eystri-Loftstaði

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 18. janúar 2024, þar sem Flóahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Eystri-Loftstaði. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir einni lóð og á henni verður heimilt að reisa íbúðarhús og þrjú aukahús, s.s. gestahús, gróðurhús eða hesthús.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar og loftmyndum eru á lóðinni ýmsar mó- og moslendisvistgerðir auk túns. Sendnari svæðin eru flokkuð sem sandstrandarvist. Lítilsháttar votlendi er einnig sýnt í kortasjánni en af loftmyndum að dæma er votlendi þó ekki til staðar innan lóðarinnar.

Í slíku landi má vænta töluverðs fuglalífs og meðal líklegra varpfugla má nefna spóa, heiðlóu, sandlóu og tjald.

Hér er þó um að ræða tiltölulega lítið svæði sem auk þess ber nokkur merki rasks og því gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagið.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

